

**114** þykkt, skal orðuritari senda hann fjármálaráðuneytinu til endurskoðunar, ásamt 31. des. fylgiskjölum, en forsætisráðuneytinu skal senda samrit reikningsins.

Orðuritari veitir viðtöku öllum tillögum um orðuveitingar, sér um að þær komi undir atkvæði nefndarmanna og leggur tillögur nefndarinnar fyrir stórmeistara.

Orðuritari varðveitir heiðursmerki orðunnar, innsigli hennar, bækur og skjöl. Orðuritari annast fundarboðanir að fyrirlagi formanns.

#### IV. KAFLI

##### Samkomur orðubræðra.

##### 11. gr.

Orðunefnd getur í samráði við stórmeistara, kvatt orðubræður saman við hátíðleg tækifæri eða þegar merkilegt mál, sem orðubræður varðar, er á döfinni.

Ef henta þykir, setur stórmeistari slíkum fundum eða samkomum reglur, í samráði við orðunefnd.

*Ritað í Reykjavík, 31. desember 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**115**

31. des.

## FORSETABRÉF

um breyting á forsetabréfi frá 11. júlí 1944, um hina íslensku fálkaorðu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* 2. málsgr. 4. gr. forsetabréfs frá 11. júlí 1944, um hina íslensku fálkaorðu, orðist þannig:

Við hátíðleg tækifæri getur stórmeistari þó, er honum þykir hlýða, veitt orðuna án tillagna orðunefndar.

*Ritað í Reykjavík, 31. desember 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*